

REGLUGERÐ

um launakjör á símsstöðvum og póstafrgreiðslum.

1. gr.

Samkvæmt 21. gr. laga nr. 60 12. marz 1945, um laun starfsmanna ríkisins, og 8. gr. laga nr. 8 9. jan. 1935, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um launakjör á símsstöðvum og póstafrgreiðslum.

2. gr.

Starfsmenn við póstafrgreiðslustörf á Akureyri, Ísafirði, Siglufirði, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum njóta sömu launakjara og starfsmenn póststofunnar í Reykjavík. Póst- og símamálastjórnin ákveður starfsmannafjölda á ofangreindum stöðvum og flokkun þeirra samkvæmt lögum um laun starfsmanna ríkisins.

3. gr.

Árslaun síma- og póstafrgreiðslumanna á eftirtöldum stöðvum séu sem hér segir:
Kr. 7800.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Akranesi, Blönduósi, Borgarnesi, Eskifirði, Keflavík, Neskaupstað, Selfossi og Stykkishólmi.

Kr. 7200.00: Póstafrgreiðslumenn: Hafnarfirði, Húsavík, Sauðárkróki og Vestmannaeyjum.

Kr. 6000.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Bíldudal, Bolungavík, Brúarlandi, Búðardal, Dalvík, Djúpuvík, Egilsstöðum, Eyrarbakka, Fáskrúðsfirði, Gerðum, Grindavík, Hjalteyri, Hrísey, Hveragerði, Hvolsvelli, Ólafsfirði, Raufarhöfn, Sandgerði, Skagaströnd, Stokkseyri, Suðureyri, Vopnafirði, Þingeyri og Þórshöfn.

Símsstjórar: Flateyri, Hólmavík, Húsavík, Hvammstanga, Ólafsvík, Patreksfirði, Sauðárkróki og Vík í Mýrdal.

Póstafrgreiðslumaður Patreksfirði.

Launin eru miðuð við það, að hlutaðeigandi símsstjórar og póstafrgreiðslumenn vinni fyrir stofnunina fullkomið eins manns verk. Geti þeir það eigi sjálfir af einhverjum ástæðum, þer þeim að greiða af eigin launum því aðstoðarfólki, sem þeir taka þess vegna. Eigi skal þeim heldur greitt fyrir aðstoð vegna starfa, sem greitt er fyrir sérstaklega, svo sem innheimtustarfa o. fl. Ef greiðsla fyrir störf vegna orlofslaganna fer yfir kr. 1000.00 á ári, greiðist það, sem umfram er, stofnuninni.

4. gr.

Síma- og póstafrgreiðslumenn á eftirtöldum stöðvum hafa árslaun að meðtalinni aðstoð sem hér segir:

Kr. 5400.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Hofsósi, Kirkjubæjarklaustri, Kópaskeri, Laugarvatni og Sandi.

Kr. 4800.00: Símsstjórinn Krossum í Eyjafirði.

Póstafrgreiðslumaðurinn Hvammstanga.

Kr. 4200.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Borgarfirði, Grafarnesi og Súðavík.

Póstafrgreiðslumenn: Flateyri, Hólmavík, Ólafsvík og Reyðarfirði.

Kr. 3600.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Breiðdalsvík, Drangnesi, Eiðum, Króksfjarðarnesi og Stöðvarfirði.

Símsstjórar: Breiðumýri og Djúpvaggi.

Kr. 3000.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Flatey á Breiðafirði, Fosshóli, Reykholti, Skógum í Fnjóskadal og Svignaskarði.

Símsstjórinn Skútustöðum.

Póstafrgreiðslumenn: Einarstöðum, Stað í Hrutafirði og Vík í Mýrdal.

Kr. 2400.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Grenivík, Grenjaðarstað, Höfnum, Svalbarðseyri, Torfastöðum og Varmahlíð í Skagafirði. Símtjórinn í Haganesvík.

85
24. maí

Kr. 2100.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Ás í Vatnsdal, Bólstaðarhlíð og Minni-borg. Símtjórinn í Ásgarði í Grímsnesi.

Kr. 1800.00: Póstafrgreiðslumenn í Djúpavogi og Haganesvík. Síma- og póstafrgreiðslumenn: Arnarstapa á Mýrum, Arngerðareyri, Ásgarði í Dölum, Síðumúla og Staðarfelli. Símtjórar: Mælifelli, Varmahlíð undir Eyjafjöllum og Þingvöllum.

Kr. 1200.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Ásum í Gnúpverjahreppi og Hallormsstað. Póstafrgreiðslumenn í Bakkafirði og Mjóafirði.

5. gr.

Þeir símtjórar og póstafrgreiðslumenn, sem laun taka samkvæmt 3. gr. í þessari reglugerð, svo og fastráðnar símastúlkur, hafa sömu réttindi og skyldur sem aðrir starfsmenn pósts og síma. Til forstöðumanna annarra símtöðva og póstafrgreiðslna skal greiða orlofsfé sérstaklega, en greiðsla fyrir aðstoð vegna forfalla telst innifalin í launinum. Póst- og símamálastjórnin setur nánari ákvæði um rekstur símtöðva og póstafrgreiðslna.

6. gr.

Á póstafrgreiðslum og símtöðvum, þar sem eru ein eða fleiri starfstúlkur auk forstöðumanns, skulu þær ráðnar af póst- og símamálastjórninni að fengnum tillögum forstöðumanns, og ákveður póst- og símamálastjórnin fjölda þeirra á hverjum stað.

Byrjunarlaun þessara stúlkna skulu vera kr. 3000.00 á ári og hækka um kr. 300.00 á ári í 4 ár upp í kr. 4200.00. Þó skulu þær stúlkur, er nú taka laun samkvæmt reglugerð frá 4. sept. 1945, ekki lækka í launum.

7. gr.

Húsaleigu, ljós, hita og ræstingu vegna reksturs póstafrgreiðslna og 1. fl. B og 2. fl. símtöðva greiðir stofnunin, og skal yfirkattanevnd í hverju héraði meta greiðslur þessar. Úrskurði yfirkattanevndar má skjóta til rikisskattanevndar. Á þeim stöðvum, þar sem símtjórar og póstafrgreiðslumenn hafa húsnæði til íbúðar í húseignum pósts og síma, skal það metið af yfirkattanevnd og dregið frá launum þeirra mánaðarlega. Ljós og hita greiði þeir hlutfallslega við póst og síma.

8. gr.

Þriðja hvert ár skal endurskoða reglugerð þessa. Ef veruleg breyting verður á afgreiðslu eða rekstrarskilyrðum símtöðvar eða póstafrgreiðslu á milli þess, sem endurskoðun fer fram, skal henni að nýju skipað í launaflokk. Endurskoðun reglugerðar þessarar skal framkvæmd af þriggja manna nefnd, er ráðherra skipar, og sé einn þeirra tilnefndur af BSRB. Við aukaendurskoðun samkv. 2. mgr. greinar þessarar skal kveðja til þann fulltrúa endurskoðunarnefndar, sem BSRB hefur tilnefnt.

Á símtöðvum á gisti- og veitingastöðum beri þeir að verulegu leyti kostnað við símaafgreiðslu vegna gesta sinna.

9. gr.

Þóknun fyrir rekstur 3. flokks símtöðva sé sem hér segir:

1. Föst ársþóknun, er nemi:

a. Til stöðva, sem hafa	0—400	útfr. afgr.	kr. 120.00
b. — — — —	401—1000	— —	— 240.00
c. — — — —	1001—1800	— —	— 360.00
d. — — — —	yfir 1800	— —	— 480.00

miðað við afgreiðslufjölda næstliðins árs.

- 85 2. 35 aura fyrir hvert útfarið viðtalsbil í símtölum og hvert útfarið símskeyti (önnur en þjónustu- og veðurskeyti).
24. maí 3. Fyrir hvern símnotanda kr. 12.00 á ári.

10. gr.

Á launagreiðslur samkvæmt reglugerð þessari greiðist verðlagsuppbót, eins og hún er á hverjum tíma samkvæmt útreikningi kauplagsnefndar.

11. gr.

Reglugerð þessi gildir frá 1. apríl 1946, og fellur þá úr gildi reglugerð um sama efni frá 4. sept. 1945.

Samgöngumálaráðherrann, 24. maí 1946.

Emil Jónsson.

Guðmundur Hlðdal.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „barnaheimili templara“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. maí 1946.

Skipulagsskráin er þannig:

86
25. maí

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir barnaheimili templara.

1. gr.

Barnaheimili templara er stofnað af Umdæmisstúkunni nr. 1 í góðtemplarareglunni á Íslandi, samkvæmt fundarsamþykkt á haustþingi hennar 16. nóvember 1941 og afsalsbréfi, dags. 24. marz 1942.

2. gr.

Barnaheimilið er sjálfseignarstofnun.

3. gr.

Stofnuninni eru í upphafi lagðar þessar eignir:

- a. Jörðin Kumbaravogur í Stokkseyrarhreppi með húsum öllum og öðrum mannvirkjum á jörðinni, svo og rekahlunnindum og öðru því, sem henni fylgir og fylgja her, eins og umdæmisstúkan hefur eignast hana samkvæmt afsali, með áhvílandi lánum.
- b. 1200 króna gjöf Húsfélags bindindismanna.
- c. 2850 króna gjöf frá góðtemplarastúkum í Reykjavík.
- d. Framlag styrktarféлага og aðrar gjafir frá góðtemplurum 2880 kr.

Þá er og gert ráð fyrir, að stofnuninni muni áskotnast árlega fé frá styrktarfélagum og eftir sérstaklega ákveðnum fjáröflunarleiðum, sem stjórn stofnunarinnar eða umdæmisstúkan annast.

Nú, þegar þessi skipulagsskrá er samin, er kostnaðarverð Kumbaravogs, með nýbyggingum og öðrum mannvirkjum, rúmar 140 þúsund krónur, en áhvílandi skuldir 20 þúsund krónur.

4. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að reka barnaheimili. Stjórn stofnunarinnar ákveður töku barna á heimilið í samráði við lækni, sem hún kveður sér til aðstoðar.